

Uppgjör mjólkur fyrir verðlagsárið 2016

Mjólkuruppgjör ársins 2016 var afgreitt frá Samstarfsnefnd SAM og Bændasamtaka Íslands á fundi 20. febrúar 2017. Uppgjörið var sent Framkvæmdanefnd búvörusamninga 21. febrúar 2017.

Árið 2016 var mjólkurframleiðsla samtals 150.399.221 lítrar, en greiðslumark ársins var 136.000.000 lítrar. Aðildarfélag SAM tóku á móti 150.322.481 lítrum, þar af allri mjólk sem var framleidd umfram greiðslumarks samtals 14.399.222 lítrum.

Á verðlagsárinu 2016 nam útflutningur mjólkurafurða, af hálfu aðildarfélaga SAM, 3.767.671 kg af mjólkurvörum sem umreiknast samkvæmt ríkisstuðlum yfir í 24.077.984 lítra mjólkur á próteingrunni og 11.535.614 lítra á fitugrunni. Sundurliðaður útflutningur verðlagsársins í magni mjólkurvara og umreiknaður yfir í mjólk frá framleiðendum, var sem hér segir:

Útflutningur aðildarfélaga SAM árið 2016

Vöruflokkur	Kíló	Umreiknað í lítra mjólkur miðað við	
		fitu (lítrar)	prótein (lítrar)
Skyr	1.339.554	175.170	4.659.345
Sýrðar vörur	417.356	14.229	785.281
Smjör	472.325	9.997.500	698.580
Ostar	158.636	1.137.212	1.556.754
Undanrennuduft	1.379.800	211.502	16.378.024
Samtals:	3.767.671	11.535.614	24.077.984

Samkvæmt 52. grein laga nr. 99/1993 skal framleiðsla mjólkur umfram greiðslumark fara á erlendan markað á ábyrgð hvers framleiðanda og viðkomandi afurðastöðvar, en Framkvæmdanefnd búvörusamninga getur heimilað sölu þessara vara innanlands ef heildarframleiðsla verður minni en sala og birgðastaða gefa tilefni til.

Útflutningur mjólkurafurða á vegum aðildarfélaga SAM árið 2016 var meiri en umframmjólk reiknað á próteingrunni. Lagaskyldu um útflutning umframmjólkur er því fullnægt hvað varðar próteinhluta umframmjólkur.

Við uppgjör mjólkur vegna verðlagsársins 2015 átti eftir að flytja út mjólkurvörur vegna fituhluta umframmjólkur ársins 2015; alls sem nam 5.909.241 lítrum. Með bréfi dagsettu 21. mars 2016 óskaði Samstarfsnefnd SAM og BÍ eftir heimild Framkvæmdanefndar búvörusamninga til að flytja út birgðir mjólkurafurða á fitugrunni sem næmi umframframleiðslu ársins 2015, eftir því sem birgðastaða og markaðsaðstæður veittu tækifæri til árið 2016.

Á fundi Samstarfsnefndar SAM og BÍ 20. desember 2016 var staðfest að útflutningi á fituhluta vegna ársins 2015 væri lokið, ásamt því að óskað var eftir heimild Framkvæmdanefndar búvörusamninga til að nýta 6 milljónir lítra af umframmjólk ársins 2016 til birgðaaukningar. Á sama fundi var óskað eftir því að frekari ráðstafanir vegna umframmjólkur verðlagsársins 2016 yrðu ákveðnar þegar endanlegar tölur um umframmjólk lægju fyrir við mjólkuruppgjör í mars 2016. Á fundi Framkvæmdanefndar búvörusamninga 28. desember 2016 var sú ósk samþykkt.

Þegar allar upplýsingar lágu fyrir um mjólkurframleiðslu og útflutning mjólkurvara árið 2016 var ráðstöfun umfram mjólkur ársins 2016 eftirfarandi:

Umfram mjólk alls	14.399.222
Nýtt til birgðaaukningar	6.000.000
Flutt út árið 2016	5.626.373
<u>Óráðstafað</u>	<u>2.772.849</u>

Á fundi Samstarfsnefndar SAM og BÍ 20. febrúar 2017 var samþykkt óska eftir að Framkvæmdanefnd búvörusamninga heimilaði aðildarfélagum SAM að flytja út mjólkurafurðir á árinu 2017 sem samsvara þeim 2.772.849 lítrum af mjólk, reiknað á fitugrunni, sem óráðstafað var af umfram mjólk ársins 2016 í lok þess árs.